



Fundargerð

233. fundur Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,
16. ágúst 2019, kl. 08:15

Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar Felix Rúnarsson, Hannes Friðriksson, Ríkharður Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson.

Starfsmenn:

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Dóra Steinunn Jóhannsdóttir ritari.

* * *

1. Samráðs og afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 269 og 270 (2019050554)

Lögð fram til kynningar fundargerð 269. fundar, dagsett, 4. júlí 2019 með fullnaðarafgreiðslum erinda. Fundargerðin er í 12 liðum og má finna á vef Reykjanesbæjar.

Einnig er lögð fram til kynningar fundargerð 270. fundar, dagsett, 19. júlí 2019 með fullnaðarafgreiðslum erinda. Fundargerðin er í 6 liðum og má finna á vef Reykjanesbæjar.

2. Loftlagsmál – Grænt bókhald (2019080259)

Vísað til auka fundar Umhverfis- og skipulagsráðs.

3. Hafnargata 27 - Deiliskipulagstillaga (2019080249)

Fasteignasalan Ásberg ehf. óskar heimildar til að vinna deiliskipulag lóðarinnar Hafnargata 27 og jafnframt að heimilt verði að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina sem lögð er fram á uppdráttum Unit ehf. dags. 26.6.2019.

Samþykkt heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi í samvinnu við skipulagsfulltrúa.



4. Seljubraut 645 - Stöðuhýsi (2019080250)

Vanny's Guesthouse slf. sækja um leyfi til að staðsetja 40-60m² stöðuhýsi við endann á bílastæði austanmegin við gistiheimilið með umsókn dags. 29.07.2019 og lóðaruppdrætti. Ætlunin er að nota húsið sem þjónustuhús vegna rekstur gistiheimilis í 5-8 ár.

Staðsetning samkvæmt uppdrætti virðist utan lóðar. Mögulegt er að óska eftir stöðuleyfi sem gildir til eins árs. Erindi hafnað.

5. Stapabraut 21 - Auglýsingaskilti (2019070263)

Blue Mountain ehf. og Atlantsólía ehf. sækja um að setja upp LED auglýsingaskilti á lóðinni Stapabraut 21 við Reykjanesbraut með umsókn og uppdrætti dags. 17.7.2019.

Gildandi deiliskipulag tilgreinir reit fyrir auglýsingaskilti. Sótt er um staðsetningu utan þess reits. Erindi hafnað.

6. Hótel Keflavík - Viðbygging (2019060203)

Sækir um lóðarstækkun um 46m² til suðurs og að byggja létt skýli við aðalinngang hótelsins samkvæmt uppdráttum Tækniþjónustu SÁ dags. 25.07.2019.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

7. Djúpivogur 9 - Niðurstaða grenndarkynningar (2019051605)

Stefan C. Hardonk óskar heimildar til að reisa viðbyggingu við hús sitt að Djúpavogi 9 í samræmi við uppdrætti JeES arkitekta, dags. 23.04.2019. Grenndarkynningu lauk 26. júlí 2019. Ein athugasemd barst.

Heimilt að skjólveggur við pott verð 2m hár. Erindi samþykkt með fyrirvara um meðeigandasamþykki.

8. Fífudalur - Lokun (2019060045)

Íbúar Fífudals leggja fram með undirskriftalista ósk um að breyta götunni í botnlanga. Erindið var samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda og jákvæða umsögn slökkviliðs og lögreglu. Ein athugasemd barst um aðkomu að lóðum númer 21 og 23 við Fífudal. Slökkvilið og lögregla hafa ekki sent umsögn.

Götunni verður lokað til bráðbirgða í annan endann til reynslu. Eftir ár í ljósi reynslunnar verður ákveðið hvort lokunin verður varanleg.



9. Samviskugarður (2019080255)

Ásmundur Friðriksson leggur fram tillögu að sveitarfélagið, jafnvel öll sveitarfélögin á Suðurnesjum skipuleggi svæði fyrir samviskubit okkar svokallaða Samviskugarða. Þar gætu þeir íbúar sem vildu jafna kolefnissporin sín, gróðursett tré á skipulögðum svæðum innan sveitarfélagana á opnum svæðum og í nánasta umhverfi þeirra. Margir gætu þá tekið beinan þátt í að fegra umhverfið og jafna kolefnissporið sem við skiljum eftir okkur.

Ráðið fagnar góðri hugmynd og er hún í samræmi við hugmyndir Umhverfissviðs. Umhverfissvið mun vinna málið áfram.

10. Bolafótur - Deiliskipulag (2019051640)

Verkfræðistofa Suðurnesja leggur fram fyrir hönd lóðarhafa tillögu að deiliskipulagi fyrir Bolafót með uppdrætti dags. maí 2019. Lóðinni Bolafæti 19 er skipt upp í fjórar lóðir. Tillagan var auglýst og engar athugasemdir bárust.

Samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

11. Mardalur 1-3 og 2-4 - Breyting á deiliskipulagi (2018080257)

Húseignir Leirdal ehf. óska eftir breytingu á deiliskipulagi fyrir Mardal 1-3 og 2-4. Í stað parhúsa á tveimur hæðum komi fjórar íbúðir í raðhúsum á einni hæð.

Samþykkt að senda í grenndarkynningu.

12. Hafnargata 22-24 - Deiliskipulag - Stækkun lóðar (2019050478)

Gullhjartað ehf. óskar eftir að flytja húsin við Hafnargötu 22 og 24 og óskar eftir að vera úthlutað lóðunum Klöpp Höfnum og Bergveg 21 undir húsin. Einnig er óskað eftir lóðastækkun. Með erindi dags 7. ágúst 2019.

Tekið er vel í að flytja húsið á auðar lóðir á Berginu þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir, sem heimilar flutning á þessum húsum. Samþykkt að deiliskipulag geri ráð fyrir lóðarstækkun.

13. Hrannargata 6 - Deiliskipulag (2019070008)

AOK arkitekt ehf. óskar fyrir hönd Kiwi veitingar ehf. eftir heimild til að vinna deiliskipulag fyrir Hrannargötu 6 og næsta nágrenni með erindi dags. 9. ágúst 2019.

Samþykkt heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi í samvinnu við skipulagsfulltrúa

14. Vallarbraut 12 - Breyting á deiliskipulagi (2019080268)



Riss ehf. fyrir hönd lóðarhafa óskar eftir breytingu á deiliskipulagi í samræmi við uppdrátt dags. 12.08.2019. Breytingin felst í að snúa byggingu á reit og að fjölga íbúðum um 9 í 14.

Frestað.

15. Brekadalur 59 - Stækkun á byggingareit (2019080264)

Hörður Pálsson óskar eftir að stækka byggingareit Brekadal 59 um 2m til vesturs.

Fordæmi eru fyrir sambærilegri stækkun á byggingareit við götuna. Erindi samþykkt.

16. Skólavegur 48 - Stækkun (2019080265)

Óli Þór Magnússon óskar heimildar fyrir stækkun á húsi við Skólaveg 48 í samræmi við uppdrætti dags. 8. ágúst 2019.

Lagfæra þarf uppdrátt í samráði við skipulagsfulltrúa. Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

17. Kópabraut 11 - Bílskúr (2019060400)

Svanhvít Gunnarsdóttir óskar heimildar til að byggja bílskúr við einbýlishús við Kópabraut 11.


Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

18. Tjarnargata 36 - Umsókn um byggingarleyfi (2019060368)

Jóhann Smári Sævarsson, kt: 021066-4009 sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á baðherbergi sbr. aðaluppdráttum frá Beimur ehf, dags. 22.0.2019. Erindi vísað til Skipulagsfulltrúa, vegna stækkunar-útlitsbreytinga.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.

19. Háholt 17 - Umsókn um byggingarleyfi (2019060451)

Anna María Sveinsdóttir, kt: 221169-5309 sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á forstofu, viðbygging úr timbri og setja svalahandrið úr stáli á svalir í austur og vestur sbr.  aðaluppdráttum frá Glóru, dags. 24.05.2019.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.





20. Stefna í úrgangsmálum (2019070155)

Umhverfisráðuneytið leggur fram til kynningar drög að stefnu í úrgangsmálum.

Lagt fram.

21. Seljudalur 1 - Lóðarumsókn (2019070286)

Xinxin Chai sækir um lóðina Seljudalur 1.

Úthlutun samþykkt.

22. Mardalur 1-3 - Lóðarumsókn (2019080169)

Húseignir Leirdal ehf. sækja um lóðina Mardalur 1-3.

Úthlutun samþykkt.

23. Mardalur 2-4 - Lóðarumsókn (2019080168)

Húseignir Leirdal ehf. sækja um lóðina Mardalur ~~1-3~~ ²⁻⁴

Úthlutun samþykkt.

24. Mýrdalur 1 - Lóðarumsókn (2019080195)

Einar S. Jónsson sækir um lóðina Mýrdalur 1.

Úthlutun samþykkt.

25. Ný hreinsistöð - Kynning (2019080273)

Sviðsstjóri kynnir tillögu að staðsetningu og útliti nýrrar hreinsistöðvar fyrir skolp.

Lagt fram.

26. Mælaborð sviðsstjóra - Júlí (2019060070)

Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Jóhanna Þórunn

Gunnar F. R.
Sveinbjörn
Þórunn
Jón